

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Reykjavík, 20. október 2009  
Tilvísun: UST20090900100/óaj

## Allt að 150 MW jarðhitavirkjun við Kröflu í Skútustaðahreppi. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 23. september sl. þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á tillögu að matsáætlun framangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna.

### Markmið framkvæmdar

Í umfjöllun um markmið framkvæmdar kemur fram að markmið Landsvirkjunar með byggingu nýrrar jarðhitavirkjunar í Kröflu sé að nýta jarðhita á sjálfbærar hátt til framleiðslu rafmagns. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fjallað sé sjálfbærni nýtingu á þessu svæði, t.a.m. endingartíma borhola eins og hægt er miðað við fyrirliggjandi rannsóknir.

### Kortagögn í skýrslu

Umhverfisstofnun bendir á að inn á mynd 2.1 í skýrslunni vanti háspennulínu (KR1) frá Hvítólaklifi að Akureyri. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að með frummatsskýrslu fylgi greinargóð kort af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í því samhengi bendir stofnunin á að framangreind mynd sem og mynd 4.2 eru illlæsilegar. Gera ætti grein fyrir vatnstökuholum á kortum í frummatsskýrslu en í kortum í tillögu að matsáætlun koma þær ekki fram.

### Losun affallsvatns

Í umfjöllun framkvæmdaraðila um losun affallsvatns kemur fram að síðustu 8 ár hafa rannsóknir verið í gangi við að finna lausn á förgun skiljuvatns frá Kröflustöð. Í frummatsskýrslu verður greint frá áætluðu magni affallsvatns frá fyrirhugaðri Kröfluvirkjun II. Gerð verður grein fyrir fyrirkomulagi við losun skiljuvatns, dýpi borhola og staðsetningu niðurrennslissvæða. Jafnframt verður greint frá því hvenær ráðgert er að bora niðurrennslisholur miðað við gangsetningu virkjunarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að í frummatsskýrslu eigi að koma fram hvernig affallsvatn verði losað þangað til að niðurrennslisholur verði boraðar og að sett verði tímasett markmið um niðurdælingu affallsvatns.

## Gufuveita

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði gert grein fyrir mannvirkjum sem tengjast gufuveitu fyrirhugaðrar virkjunar og hvernig tekið verði mið af umhverfinu við leiðarval, staðsetningu og fyrirkomulag. Umhverfisstofnun bendir á að safnæðar númerandi virkjunar séu mjög áberandi. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að útfæra mannvirki sem tengjast gufuveitu fyrirhugaðrar virkjunar mjög vel í frummatsskýrslu. Gera ætti grein fyrir þeim mótvægisadgerðum sem miða að því að draga úr sýnileika númerandi lagna sem og sýnileika þeirra lagna sem fyrirhugað er að leggja á svæðinu. Kanna ætti kosti mismunandi lita og áferða sem og hvort að raunhæft er að grafa lagnir í jörð eða hylja með öðrum hætti.

## Samfélag

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um áhrif framkvæmdar á útivist og ferðapjónustu, byggt á fyrirliggjandi gögnum, þar á meðal úttekt Ferðamálasturs á nýtingu svæðisins til útivistar og ferðapjónustu sem unnar voru á árunum 2007-2009. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að könnuð verði viðhorf ferðamanna sem heimsækja svæðið á hverju ári til fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda.

## Lífríki

Í umfjöllun um lífríki kemur fram að mannvirkjagerð muni ekki raska hverasvæðum og að í ljósi reynslunnar er ekki talið að orkuvinnsla muni hafa áhrif á yfirborðsvirkni hvera á Kröflusvæðinu enda ekki vitað til þess að vinnslan hafi haft áhrif hingað til.

Umhverfisstofnun bendir á að hér á landi, t.a.m. á Reykjanesi, hafa orðið miklar breytingar á nærliggjandi hverasvæðum vegna virkjana. Þar sem gert er ráð fyrir að auka orkuvinnslu á svæðinu umtalsvert er full ástæða til að halda áfram vöktun hverasvæða og meta þau áhrif sem breytingar geta haft á örverur hverasvæða innan skilgreinds áhrifasvæði virkjunarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að í umfjöllun um athugunar- og áhrifasvæði er áhrifasvæði fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda ekki skilgreint, heldur einvörðingu athugunarsvæði. Að mati Umhverfisstofnunar kann áhrifa af orkuvinnslu á svæðinu að gæta út fyrir skilgreint athugunarsvæði, t.d. á hveri, og telur stofnunin nauðsynlegt að fjallað verði um í frummatsskýrslu, með rökstuðningi, hvernig áhrifa- og athugunarsvæði virkjunarinnar eru skilgreind.

Virðingarfyllst



Bergþóra Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur



Ólafur Arnar Jónasson  
Deildarstjóri